

Nd.

45. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 3. gr. laga nr. 79, 14. nóvember 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum, bætist ný grein, svo hljóðandi:

Í samþyktum þeim, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir, 100—1000 krónur, fyrir brot. Sektir allar renni í hlutaðeigandi bæjarsjóð.

2. gr.

Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.